

staðfestir. Endurhæfingarlífeyrir skal nema sömu fjárhæð og elli- og örorkulífeyrir. Um tekjutryggingu og aðrar tengdar bætur fer eftir sömu reglum sem um elli- og örorkulífeyri. Sjúkrahúsvist í greiningar- og endurhæfingarskyni skerðir ekki bótageiðslur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990.

*Gjört í Reykjavík, 19. maí 1989.*

**Steingrímur Hermannsson.**

**Guðrún Helgadóttir.**  
(L. S.)

**Guðrún Erlendsdóttir.**

*Guðmundur Bjarnason.*

## L Ö G

**um breyting á tollalögum, nr. 55/1987.**

### HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Við 1. mgr. 28. gr. laganna bætist nýr tölulíður svohljóðandi:

15. Egilsstaðir.

2. gr.

1. mgr. 79. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að reka eða leyfa rekstur verslana með tollfrjálsar vörur, þar á meðal áfengi og tóbak, í flugstöðvum á Reykjavíkflugvelli, Keflavíkflugvelli, Akureyrarflugvelli, Sauðárkróksflugvelli og Egilsstaðaflugvelli í tengslum við farþegaflutninga milli landa. Birðir þeirra verslana má geyma í tollfrjálsum birgðageymslum sem eingöngu eru ætlaðar til þeirra nota.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 19. maí 1989.*

**Steingrímur Hermannsson.**

**Guðrún Helgadóttir.**  
(L. S.)

**Guðrún Erlendsdóttir.**

*Ólafur Ragnar Grímsson.*